4. gr.

Fyrir leyfi til að veiða með dragnót, leyfi til hrognkelsaveiða og önnur veiðileyfi sem gefin eru út með stoð í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 skal greiða fast gjald, 12.930 kr. fyrir hvert leyfi.

5. gr.

Við útreikning þorskígilda samkvæmt 3. gr. skal miða við eftirfarandi verðmætahlutföll: Þorskur 1.00, ýsa 1.00, ufsi 0.60, karfi 0.80, grálúða 2.40, skarkoli 1.20, steinbítur 0.70, langlúra 1.50, rækja 1.00, humar (slitinn) 9.80, hörpudiskur 0.40, síld 0.10, loðna 0.07.

6. gr.

Gjald samkvæmt 2., 3. og 4. gr. skal innheimt við útgáfu veiðileyfa eða afhendingu veiðiheimilda.

Gjald fyrir veiðiheimild skal tilgreint á leyfisbréfi. Gjaldið er ekki endurkræft, enda þótt veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Gjald samkvæmt reglugerð þessari rennur til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. ágúst 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 439 2. ágúst 1996

REGLUGERÐ

um greiðslu gjalds skv. 6. gr. l. nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum fiskveiðiárið 1996/1997.

1. gr.

Útgerðir fiskiskipa er hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni 1. september 1996 skv. lögum um stjórn fiskveiða skulu greiða gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.

Fiskiskip er fá úthlutað aflamarki 1. september 1996 skulu greiða gjald er nemur 1090 krónum -Eittþúsundogníutíu 00/100 krónur- á hverja úthlutaða þorskígildislest miðað við verðmætastuðla skv. 3. gr. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum þann 1. september 1996, 1. janúar 1997 og 1. maí 1997. Fiskiskip er fær úthlutað aflamarki á öðrum tíma innan fiskveiðiársins skal greiða jafnhátt gjald vegna þess aflamarks. Fari úthlutun fram á fyrsta ársþriðjungi fellur 1/3 hluti gjaldsins í gjalddaga við úthlutun en eftirstöðvar skulu skiptast jafnt á tvo seinni gjalddaga eins og þeir eru tilgreindir í 2. málslið þessarar greinar. Fari úthlutun fram á öðrum ársþriðjungi falla 2/3 hlutar gjaldsins í gjalddaga við úthlutun en eftirstöðvar skulu greiðast 1. maí 1997. Fari úthlutun fram á þriðja ársþriðjungi fellur allt gjaldið í gjalddaga við úthlutun.

Fiskiskip er stunda veiðar með línu og handfærum með þorskaflahámarki eða dagatakmörkunum skulu greiða 1090 kr. á hverja landaða þorskígildislest, miðað við verðmætastuðla skv. 3. gr., af þeim fisktegundum sem voru í aflamarki fiskveiðiárið 1995/1996 og viðkomandi bátur landaði á tímabilinu 1. ágúst 1995 til 31. júlí 1996 eins og aflinn er skráður í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum 1. september 1996, 1. janúar 1997 og 1. maí 1997.

2. gr.

Hafi greiðsla fyrir gjald skv. 1. gr. ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga á þann bankareikning sem tilgreindur er á reikningi skv. 4. gr. fellur veiðileyfi viðkomandi fiskiskips niður án frekari viðvörunar. Hæstu lögleyfðir dráttarvextir reiknast á vanskil frá gjalddaga ef ekki er greitt innan mánaðar frá gjalddaga.

3. gr.

Við útreikning þorskígilda við álagningu gjalds skv. 1. gr. skal miða við eftirfarandi verðmætahlutföll: Þorskur 1.00, ýsa 1.00, ufsi 0.60, karfi 0.80, grálúða 2.40, skarkoli 1.20, steinbítur 0.70, langlúra 1.50, loðna 0.07, síld 0.10, humar (slitinn) 9.80, rækja 1.00 og hörpudiskur 0.40.

4. gr.

Fiskistofa annast innheimtu gjaldsins og sendir útgerð fiskiskips reikning vegna gjalds þessa. Á reikningi skal koma fram að um sé að ræða innheimtu á gjaldi skv. l. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem renni til Þróunarsjóðsins. Ennfremur skal koma fram úthlutað aflamark eða viðmiðunarafli viðkomandi fiskiskips, gjald á þorskígildislest, heildarfjárhæð gjaldsins, gjalddagar gjaldsins og aðrir greiðsluskilmálar ásamt númeri bankareiknings sem greiða ber inn á. Gjaldið er ekki endurkræft enda þótt úthlutað aflamark verði ekki nýtt. Útgerð fiskiskips er gjaldskyld vegna úthlutaðs aflamarks þótt aflamark verði framselt á annað fiskiskip.

5. gr.

Fiskistofa skal halda fjárreiðum vegna innheimtu þessarar aðgreindum frá bókhaldi sínu og skal standa Þróunarsjóði sjávarútvegsins skil á innheimtu gjaldsins eins fljótt og auðið er, þó ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Þróunarsjóður sjávarútvegsins skal greiða Fiskistofu samkvæmt reikningi kostnað vegna innheimtu þeirrar sem Fiskistofa annast skv. reglugerð þessari.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum og öðlast þegar gildi .

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. ágúst 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.